

## Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 3. febrúar 2020.

**Efni:** Álit fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ vegna ályktunartillögu um dómarastörf í 2. flokki

Það er mat nefndarinnar að hvorki fjárhagslegar forsendur né mannaflí sé til staðar til að samþykkja tillöguna. Gróft mat á því aukna umfangi sem tillagan felur í sér er að dómarakostnaður hvers árs myndi hækka um kr. 16 milljónir fyrir utan allan ferðakostnað vegna dómara. Með tillögunni fylgja engar tillögur af því hver beri kostnaðinn en fjárhagur sambandsins er ekki í stakk búinn til að mæta þessari aukningu. Einnig felur tillagan í sér fjölgun um ca. 1350 dómarastörf á ári sem er gríðarleg aukning og ekki til mannskapur fyrir þá aukningu.

Nefndin telur það sé óábyrgt að bæta þessu inn án þess að kostnaðargreining, kostnaðarhlutdeild og þróun mannafla eða tillögur að auknum mannafla til dómara starfa fylgi. Nefndin telur að kapp sé best með forsjá og að málefni sem þessi þurfi að skoðast í víðara samhengi en hér er mælt með en er þó ekki að andmæla því að breyting á núverandi fyrirkomulagi sé ekki æskileg.

F.h. Fjárhags- og endurskoðunarnefndar

Borghildur Sigurðardóttir, formaður